



Landbúnaðarnefnd Blönduóssbæjar

FUNDUR – 7. desember 2006

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd fimmtudaginn 7. desember kl. 14:00 að Hnjúkabyggð 33. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Álagning fjallskila.

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar hefur borist bréf frá hesteigendafélagi Blönduóss þar sem farið er fram á að álögð fjallskil á eigendur hrossa í bænum verði felld niður. Bæjarráð vísaði þessu máli til landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd leggur til, vegna skorts á kynningu á breytingum á álagningu fjallskila til hrossaeiganda á Blönduósi, að felld verði niður gjaldtaka vegna hrossa þeirra sem engin hross ráku á afrétt.

Vegna efasemda sem fram hafa komið um upprekstrarétt hrossaeigenda á Blönduósi, telur landbúnaðarnefnd nauðsynlegt að sem fyrst verði fengið úr því skorið, hver réttindi og skyldur hrossaeigenda á Blönduósi séu, varðandi afréttarmál.

2. Önnur mál.

Landbúnaðarnefnd lýsir yfir megnri óánægju sinni með lögreglurannsókn Sýslumannsembættisins varðandi graðhest sem fram kom í Skrapatungurétt sl. haust.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Gauti Jónsson
Þórður Pálsson*

Anna Margrét Jónsdóttir

*Ragnar Ingi Tómasson
Valgarður Hilmarsson*